

3. bekkur

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áhersluþættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang: www.mrn.stjr.is**. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólustarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 3. bekk er 30. Umsjónarkennarar er Hólmfríður Guðnadóttir og Kolbrún Sigurgeirsdóttir. Stoðkennari er Margrét Magnúsdóttir og stuðningsfulltrúi Einar Ómar Eyjólfsson.

Íslenska

Lestur

Markmið: að nemendur

- öðlist aukna lestrarleikni
- öðlist aukinn lesskilning

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Hver nemandi fær lesefni miðað við getustig. Lestrarþjálfun heima er mikilvæg. Nemendur eiga að lesa upphátt á hverjum degi fyrir einhvern fullorðinn og skal sá kvitta á þar til gert blað. Nemendur lesa upphátt fyrir kennarann og bekkinn.

Áhersla er lögð á skýran framburð og skilning á efni. Efni rætt við nemendur og þeir þjálfaðir í að lesa með gagnrýnum huga og þroska ályktunarhæfni. Framsögn fléttast inn í lestrarþjálfun með aukinni getu.

Börnin fá ýmiss konar vinnubækur í móðurmáli. Unnið er með lesefni af bókasafni og börnin eru aðstoðuð við val á sögubókum sem ætlaðar eru til frjáls lesturs bæði í kennslustundum og heima.

Til þess að efla lesskilning er fjallað um efni sögubóka og spurningar unnar úr texta þeirra. Unnið er með endursagnir á efni sem börnin hafa hlýtt eða horft á. Börnin eru þjálfuð í að tjá sig í rituðu máli, skrifa orð, setningar, lýsingar, frásagnir og sögur í sögubók. Þau eru hvött til að segja frá fyrir framan bekkinn og lögð er áhersla á að þau hlusti hvert á annað og sýni tillitsemi. Börnin skrá upplýsingar úr umhverfi sínu og úr léttum rituðum heimildum. Börnin læra nokkrar vísur utanbókar til söngs. Orð af orði.

Lestrarkennslan er samþætt við samfélags- og náttúrufræði og farið í vettvangsferðir til að læra orðaforða umhverfisins svo sem hæð, hóll, melur, dalur o.s.frv. Gestafyrirlesarar koma og lesa úr verkum sínum og segja frá hvernig þau eru unnin. Þemavinna þar sem unnið er út frá sögum á ýmsan máta úr margvíslegum efniviði.

Námsefni/kennslugögn

Lestrar- og vinnubækur við hæfi hvers og eins. Bækur af bókasafni. Ljóðabók og sögubók. Ritrún 2, Sín ögnin af hverju, Sitt af hverju I. Ás, Tvistur og Þristur og ýmis ljósrituð vinnuhefti. PALS verkefni. Ýmis tölvuforrit svo sem Lestur og stafsetning, Glói á lestrareyju og Glói geimvera.

Námsmat

Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið, lesskilningsþróf og mat lagt á framsögn og lesskilning.

Skrift og ritun

Kennd er ítölsk skrift. Börnin læra að skrifa tengda skrift. Mikilvægt er að í allri ritun noti börnin ítölsku skriftina og skrifi nafnið sitt með þeirri skrift.

Markmið: að nemendur

- geti skrifað texta
- kunni að halda rétt á skriffæri
- kunni að draga rétt til stafs
- geti skrifað læsilega og tjáð sig í rituðu máli þannig að aðrir skilji
- vita að saga er byggð upp á inngangi, meginmáli og lokaorðum
- þekki einfaldar stafsetningarreglur svo sem um stóran staf á eftir punkti og stóran staf í sérnöfnum

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Nemendur fá áframhaldandi æfingu í skrift með tengikrók og forskriftarbók heim með sér til frekari þjálfunar. Nemendur læra vísur og þulur, semja sögur og frásagnir og skrifa inn í vinnubók og myndskreyta.

Námsefni/kennslugögn

Sögubók og forskrift. Skrift frá Námsgagnastofnun.

Námsmat

Vinnan yfir veturinn, stutt könnunarpróf, athuganir með matslistum ásamt prófi í skrift að vori. Sýnismöppur með völdum verkefnum. Ritunarverkefni metin.

Talað mál og hlustun

Markmið: að nemendur

- geti tjáð sig í hópi
- geti flutt texta í hópi
- geti hlustað á aðra í hópi og beri virðingu hver fyrir öðrum og tilfinningum annarra
(Olweus + Jákvæður agi)

Leiðir

Nemendur lesa upp fyrir bekkinn frásagnir, sögur og ljóð. Frjáls framsögn. Leika stutta leikþætti. Umræður um ýmis málefni.

Námsmat: Símat og leiðsagnarmat.

Frásögn og málnotkun er metin með því að athuga og skrá frammistöðu nemenda í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á þekkingu og notkun á einföldum málfræðiatríðum og valdi á tungumálinu. Skráð er reglulega hvernig nemandi gengur að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, segja sögur og tala um reynslu sína. Matslistar notaðir til viðmiðunar.

Málfræði

Markmið:

- raða í stafrófsröð
- þekki helstu einingar tungumálsins, bókstafur, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- þekkja mun á sérhljóðum og samhljóðum
- kunna að ríma

- þekkja mun á samnöfnum og sérnöfnum
- þekkja hugtökin samheiti og andheiti

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Nemendur vinna verkefni bæði skrifleg og munnleg.

Námsefni/kennslugögn

Ýmsar vinnubækur með lestrarbókum bæði útgefnar af Námsgagnastofnun og heimatilbúnaðar, Ás, Tvistur, Ritrún, Sín ögnin af hverju, Sitt af hverju 1 og 2, Bókakista, ýmis vinnuhefti. Ýmis tölvuforrit svo sem Lestur og stafsetning, Glói á lestrareyju og Glói geimvera. Samþætting við samfélagsfræði og náttúrufræði. Grenndarkennsla og farið í örnefni í nágrenninu.

Námsmat

Skrifleg verkefni eru metin og einnig frjáls ritun. Bæði símat og lokaverkefni.

Stærðfræði

Markmið: að nemendur

- þekki hugtök og aðgerðir úr námsefninu og geti byggt á þeim í áframhaldandi námi
- geti notað þekkingu sína við ólík viðfangsefni
- læri að nýta sér hjálpgögn til þess að öðlast skilning á hugtökum og aðgerðum með hlutbundnum athöfnum
- geti lagt mat á hvort er meira helmingur eða þriðjungur, helmingur eða fjórðungur
- vinni með öðrum að lausn þrauta

Skipulag kennslu/kennsluhættir

- uppsetning dæma í reikningsbók
- talnagildi frá 0 -1000
- samlagning eininga og tuga.
- frádráttur eininga og tuga.
- víxlregla í samlagningu
- þjálfun í hugareikningi.
- margföldun
- deiling
- hugtökin minna en, stærra en, jafnt og, og notkun tákanna $< = >$
- talnalína sem hjálpartæki í stærðfræði
- útfylling samlagningartaflna
- mælingar á lengd (sm, m)
- mynsturgerð, þökun með formum og flokkun

Áhersla lögð á að vinna með stærðfræði á sem fjölbreytilegastan hátt. Börnin vinna áfram með flokkun, stærðir, form, mælingar, pörun, talningu, talnalínu, mynstur og staðsetningarhugtök. Áfram er unnið með hugtökin - eining, tugur, hundrað, fleiri og færri. Orðadæmi fá aukið vægi og til þess að efla skilning er lögð áhersla á að börnin leiti eigin lausna við verkefni og þau fengin til að greina frá úrlausnum sínum. Börnin læra á klukku og nota dagatöl. Nemendur vinna oft að mismunandi verkefnum í kennslustundum, einstaklings-,

para- eða hópavinna. Kennsla fer fram bæði innan og utan dyra eins og áhersla er lögð á í skólasýninni.

Námsefni/kennslugögn

Sproti 3A og B, Eining 4, 5 og 6 (valin verkefni), Viltu reyna, Verkefnin fyrir vasareikni, Í undirdjúpunum, -samlagning, -frádráttur og – margföldun.

Annað efni: Húrra hefti og ýmis ljósrituð hefti. Margvísleg hjálpargögn eru notuð við kennsluna svo sem talnagrindur, kubbar, málbönd, vasareiknar o.fl.

Námsmat

Kannanir lagðar reglulega fyrir nemendur yfir veturinn.

Námsmat er stöðugt í gangi (greinandi mat) og út frá því ákveðið hvort endurtaka þurfi þjálfun tiltekins námsþáttar eða hvort færni nemandans hefur aukist nægilega til að takast á við nýjan námsþátt. Einnig er leiðsagnarmat og lokamat. Matsverkefni eru fjölbreytt til þess að hægt sé að meta út frá þeim sem flesta þætti í hæfni nemandans, s.s. kunnáttu, færni, skilning, getu til að tengja ólíka þætti, frumkvæði, vinnubrögð og þrautseigju. Stutt könnunarpróf, athuganir með matslistum, munnlegar spurningar og vettvangsathuganir eru m.a. aðferðir sem notaðar eru. Merkt er reglulega inn á matslista atriði sem varða kunnáttu, vinnubrögð, skilning og viðhorf.

Samfélags- og náttúrufræði

- Samfélagsvitund felst í því að barnið lætur sér annt um samferðafólk sitt, gerir sér grein fyrir samskiptareglum og getur hugleitt og rætt grundvöll þeirra. Hér vinnum við samkvæmt kenningum Olweusar og Jákvæðs aga t.d. með bekkjarfundum.

- Umhverfisvitund felst í umhyggju fyrir umhverfi sínu og hæfileika til að greina samhengi á milli mannlegra athafna og náttúru.

- Söguvitund merkir tilfinningu fyrir liðnum tíma, nútíð og framtíð og vitund um að fyrirbæri mannlífsins eru breytingum undirorpin.

Markmið

- að flétta saman þekkingu, færni og tilfinningum barnsins svo að það öðlist vitund um samfélagið, umhverfið og söguna.
- að skapa aukna samfélags og umhverfisvitund
- að skapa aukna söguvitund
- að skólinn viðhaldi Grænfánanum

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Fjallað er um landið okkar Ísland í víðu samhengi og tengsl Íslendinga við aðrar þjóðir. Einnig um samfélagið fyrr og nú og umhverfismál. Jafnframt unnið með nánasta umhverfi skóla og bæjarfélags.

Námsefni/kennslugögn:

- Komdu og skoðuðu hafið.
- Í sveitinni með Æsu og Gauta.
- Komdu og skoðuðu land og þjóð.
- Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti

- Komdu og skoðaðu bílinn.
- Könnun kortin 1
- Þjóðarblómið Holtasóley
- Ýmis verkefni s.s. umferðareglur og atburðir líðandi stundar.

Námsmat:

Metið út frá hæfniviðmiðum. Mat á vinnubók.

Kennarar: Fríður Gunnarsdóttir og Hólmfríður Guðnadóttir

Siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið

- að fræða nemendur um kristna trú og kynna önnur trúarbrög
- að nemendur læri siðfræði og samskiptareglur sem byggja á kristinni siðfræði
- að nemendur fái þjálfun í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- að nemendur fræðist um kjör landflótta barna og hjálparstarf.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Kennt er aðallega í tveimur lotum. Umræður um sköpunarverkið, Biblíuna, líf og starf Jesú og kirkjuna. Kynnum sögurnar af ættfeðrunum Abraham, Ísak og Jakob.

Fjallað um samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleik og sáttfýsi, m.a. með því að lesa sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Unnið í vinnubækur. Farið er í heimsókn í kirkju og Rauða krossinn. Siðfræðin og samskiptatæknin sem er rædd tengist kenningum Olweusar, Jákvæðum aga og skólasýninni.

Námsefni/kennslugögn

Stjarnan.

Vinnubækur og myndbönd

Námsmat

Metið út frá hæfniviðmiðum.

Lífsleikni

Markmið

Helstu markmið eru að styrkja sjálfsmynd og samskiptahæfni barnanna. Að börnin geti tjáð sig um líðan sína og um helstu hugarefni sín og sagt frá atburðum. Að börnin virði þær leikreglur sem gilda í mannlegum samskiptum og geti sæst ef út af bregður. Börnin munu fá þjálfun í að setja sig í spor annarra og leysa úr vandamálum sem upp koma í samskiptum. Lögð er áhersla á að börnin njóti sín í leik og starfi í skólanum, kunnir að gleðjast og meti það umhverfi sem þau lifa í. Við leggjum áherslu á að börnin fari eftir reglum skólans. Einnig að þau séu meðvituð um hættur í umhverfi sínu. Farið verður í grunnatriði í slysavörnum. Unnið verður út frá uppeldisstefnunni Jákvæður agi. Þess ber að geta að lífsleikni tengist öllum öðrum námsgreinum skólans á einn eða annan hátt og í flestum námsgreinum er gert ráð fyrir samvinnu barnanna. Ákveðið námsefni liggur til grundvallar sem kennari fylgir eftir í daglegu starfi með börnunum.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun.

Námsefni/kennslugögn

Verkefni úr jákvæðum aga, Myndband um einelti, Katla gamla. Eineltishringurinn.

Handbókin: Snerting, jóga og slökun. Ýmis verkefni um Jákvæðan aga. Samþætt verkefni um Krossanesborgir.

Námsmat

Metið út frá hæfniviðmiðum.

Myndmennt

Markmið - að nemendur

- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- öðlist aukna samstarfshæfni.
- verði færir um að móta hugmyndir sínar í ýmis efni.
- fái aukið hugmyndaflug og sköpunarhæfni.
- fái aukinn áhuga á myndlist og verkmenningu.
- þjálfist í hugtökum og fái aukna innsýn í listasöguna.
- læri að njóta myndlistar.
-

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Nemendur teikna, mála og móta frjálst eigin hugmyndir inn á milli ákveðinna verkefna. Í fyrstu byggja verkefni á reynsluheimi nemenda og upplifun og reynt verður að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Þeir læra að nota fjölbreyttar aðferðir og efni við verkefnavinnuna sem hæfa aldri þeirra og þroska m.a. eru notaðar tölvur við myndvinnslu. Áhersla er lögð á góða umgengni um efni og áhöld.

Áhöld og efni: Litir, málning, leir, pappír, skæri, lím og margt fleira.

Efnisþættir

- Leikið með liti af öllum gerðum
- Frumlitirnir kynntir og gerðar ýmsar tilraunir með blöndun lita.
- Náttúruleg form og grunnform: Náttúran skoðuð með hliðsjón af grunnformunum
- Tröll og ævintýri, unnið á pappír og leir
- Dýr og umhverfi þeirra, klippimyndir
- Vatnslitaæfing, fylla inn í form
- Fyrirmælaverkefni

Námsefni/kennslugögn:

Myndlist I og II, Listavefur krakka, verkefni frá kennara - námsefni unnið upp úr ýmsum kennslugögnum og bókum um myndlist og myndvinnsluforrit.

Námsmat:

Símat og sjálfsmat er notað til að ná árangri í að þroska myndmenntafærni og þróa jákvæð og lifandi viðbrögð í listinni. Símat er byggt á hæfniviðmiðum, frumkvæði, framförum, vinnulagi, verkefnaskilum og frágangi. Ferli myndverks er metið jafnt á við frágengið verk.

Kennari: Aðalbjörg Ólafsdóttir

Enska

Markmið, kennsla og skipulag

Kennslan byggist mest á söng og hreyfingum. Hreyfingar eiga að endurspeglar innihald texta þannig að nemendur átti sig á þýðingu orðanna. Nemendur teikna myndir við söngtextana og safna í möppu til að geta sýnt foreldrum hvað þau eru að gera og til að minna á það sem þau eru að gera í enskútímum. Unnið verður fyrst með lög sem nemendur kunna á íslensku, með litina, tölurnar og jólasöngva þegar þar að kemur.

Námsefni: Fyrir áramót unnið með bókina Right on, geisladiskur fylgir með. Unnið með ýmis verkefni af interneti / english worksheets

Kennari: Kolbrún Sigurgeirsdóttir

Upplýsingamennt og tölvunotkun

Á skólasafni vinna nemendur verkefni og fá lánuð gögn og bækur.

Nemendur fá 1 tíma á viku í tölvuveri. Þeir læra að umgangast tölvur og vinna með kennsluforrit í tölvu.

Markmið - að nemendur auki færni

- kynnist tölvuveri og bókasafni skólans betur og umgengnisreglum þar.
- æfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og sjálfstæðri þekkingaröflun.
- læri að nýta sér kennsluforrit til að efla færni sína í öðrum fögum.
- læri á kennslu- og teikniforrit við hæfi og þjálfast í að nota tölvumús.
- læri fingrasetningu með reglubundnum æfingum.

Skipulag kennslu/kennsluhættir:

Lögð er áhersla á að börnin komi reglulega á bókasafn skólans og finni sér bækur við hæfi. Fræðslan á safninu beinist helst að því að þjálfa kerfisbundið notkun safnsins og glæða bókalestur. Fjallað verður sérstaklega um mun á skáldsögum og fræðiefni. Börnunum kennt að nota hjálparskrár eins og efnisyfirlit og atriðisorðaskrár. Börnin fá grunnþjálfun í fingrasetningu á ritþjálfa/tölvu og rita stuttan texta í ritvinnslu. Þeim er kennt að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi. Einnig er þeim kennt að vista skjöl og ná i vistuð skjöl af hörðum disk. Farið verður í undirstöðuatriði ritvinnslu.

Námsefni/kennslugögn:

Bækur af bókasafni, tölvur. Verkefni af vef.

Kennari: Heimir Freysson.

Textílmenn

Markmið: að nemendur

- ☉ þekki frumlitina
- ☉ vinni eftir leiðbeiningum frá kennara
- ☉ teikni eftir fyrirmælum og búi til einfalt snið
- ☉ fái innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu
- ☉ vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- ☉ noti útsaum til skreytingar
- ☉ fari yfir helstu hluta saumavélar
- ☉ tileinki sér nokkur hugtök textílgreinarinnar

Kennsluhættir:

Kennarar eru tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn og skal námið miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd – heilbrigði þar sem m.a. er lögð áhersla á að nemendur þjálfi verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir.

Námsefni:

Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

Námsmat:

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á auk hæfniviðmiða, vinnuferlinu, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn. Námsmat er birt með táknum. Auk þess er á haustönn gefin umsögn í dagbók í Mentor fyrir foreldravíðtöl.

Kennari: Sigrún María Guðmundsdóttir

Heimilisfræði

Helstu markmið

- læri að morgunverður er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjarvörum
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðarnar, fái þjálfun í að flysja og rífa niður grænmeti og ávexti, þekki fæðuflokkana og vinni sérstaklega með mjólkurflokk
- þekki algeng matvæli og viti hvaðan matvælin koma sem unnið er með
- þekki hugtök tengd matargerð fyrri tíma, læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf, þjálfist í að þvo upp í höndum samkvæmt hreinlætiskröfum
- geri verðsamanburð á nestisvörum (keyptar eða heimagerðar), kynnist innihaldslýsingum á mjólkurumbúðum, kynnist því hvaða störfum þarf að sinna á heimilum
- temji sér borðsiði og kurteisi og taka tillit til annarra
- temji sér að nota lítið af efnum sem spilla umhverfi

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Hópastarf og samvinna. Nemendur vinna 2-3 saman í hóp en einnig einstaklingslega í vinnubók.. Nemendur kynnast helstu áhöldum sem notuð eru í eldhúsi, kynnast fæðutegundum, hollustu, reglum í eldhúsi og almennu hreinlæti. Sjálfstæði, samstarfsvilji og

samábyrgð er aukin með samvinnu og samhjálp nemenda. Byggt er ofan á þekkingu úr 2. bekk og leitast er við að gera nemendur enn sjálfstæðari í vinnubrögðum. Þó að unnið sé mest í hópum þá fær hver og einn þá leiðsögn sem hann þarf frá kennara. Viðfangsefni eru helst í bakstri en einnig er unnið með grænmetis og ávaxtaflokk og sérstök áhersla á mjólkurflokkinn.

Námsefni og kennslugögn

Hollt og gott 2 (vinnubók), ljósritaðar uppskriftir frá kennara.

Námsmat Símat fer fram alla önnina, það sem tekið er til námsmats auk hæfniviðmiða er vinnubrögð/vinnusemi og virkni í tímum, samvinna, kurteisi, vandvirkni og frágangur. Einnig er vinnubókin metin.

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Íþróttir

Helstu áhersluatriði eru að nemendur:

- Þjálfist í að tengja mismunandi hreyfingar saman
- Efli líkamspól, styrk, fimi og hraða
- Fá útrás fyrir hreyfiþörf sína og fá í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum
- Þjálfist í samvinnu, að sýna tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart öðrum nemendum.
- Leitast er við að kynna sem flestar íþróttagreinar sem aðstæður í skóla bjóða upp á

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar, þolæfingar, styrktaræfingar, boltaleiki og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Ekki er leyfilegt að vera í skóm í íþróttatímum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Námsmat í íþróttum byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati allt skólaárið þ.e. ýmsum mælingum og athugunum.

Námsmat í 3. bekk er sett fram með táknum:

Færni: Könnuð er færni nemenda í fimi, styrk og hraða, einnig í ýmsum grunnhreyfingum á og í leikjum með og án bolta.

Fyrirmæli: Mat er lagt á hvort nemandi fylgi fyrirmælum kennara og starfsfólks.

Samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda.

Virkni: Mat er lagt á virkni nemanda í íþróttatímum.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Páll Gíslason og Kári Jóhannesson

Sund

Helstu áhersluatriði: Í 3. bekk er haldið áfram uppbyggingu sundnáms frá tveimur fyrstu skólaárunum. Áhersla er lögð á grunnhreyfingar og rétta öndun í skriðsundi, baksundi og skólabaksundi. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfiþörf og félagsleg samskipti.

Námsmat: Námsmat í sundi byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati þ.e. ýmsum æfingum og prófum. Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar við gerð námsmats í sundi.

Færni. Matið byggir á því að nemandinn geti synt skriðsund og baksund með eða án hjálpartækja og 10 metra skólabaksund. Kafað eftir hlut á 1-1,5 metra dýpi. Þátttaka í leikjum og ýmsum æfingum til aðlögunar í vatni er metin.

Fyrirmæli: Mat er lagt á hvort nemandi fylgi fyrirmælum kennara og starfsfólks.

Samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda.

Virkni: Mat er lagt á virkni nemanda í sundtímum.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir og Kári Jóhannesson